

11. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 2. desember 2019 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 14:00.

Fundinn sátu: Aðalsteinn Þorgeirsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Elsa Ingjaldsdóttir, Bogi Pétur Eiríksson, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Hrunaljós

Hannibal og Jón fóru yfir vinnu sem fram hefur farið um hvernig hægt væri að standa að ljósleiðaravæðingu í þéttbýlinu á Flúðum. Fram kom að enginn svaraði auglýsingu þar sem auglýst var eftir áhugasömum aðilum um ljósleiðaravæðingu Flúða og búið er að kostnaðarmeta verkefnið. Fyrir liggur tillaga að breytingu á gjaldskrá Hrunaljóss og fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 ef gert yrði ráð fyrir að Hrunaljós færi í að leggja ljósleiðara í þéttbýlinu á Flúðum. Veitustjórn telur það allra hag að starfssemi Hrunaljóss nái einnig til þéttbýlisins. Æskilegt er að fyrir liggi nánari gögn varðandi þátttöku og kostnaðarmat. Veitustjóra og sveitarstjóra falið að vinna í gagnaöflun og leggja fyrir næsta fund.

2. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Gjaldskrá vatnsveita.

Hannibal og Jón fóru yfir erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu vegna gjaldskrá vatnsveita. Þar kemur fram sá skilningur ráðuneytisins að ekki sé heimilt að taka mið af arðsemiskröfu af því fjármagni sem bundið er í rekstri vatnsveitna eða greiða arð út úr vatnsveitu. Veitustjórn bendir á að vatnsveita Hrunamannahrepps á langt í land með að hagnast vegna uppsafnaðs fjárfestingarkostnaðar og skulda tengdum fjárfestingum vatnsveitunnar. Veitustjórn felur veitustjóra og sveitarstjóra að svara erindinu.

3. Lán á tækjum veitna.

Farið var yfir og rætt um hvort eða hvernig ætti að standa að láni á tækjum sem eru í eigu Hitaveitu Flúða og Hrunamannahrepps. Veitustjórn felur veitustjóra og sveitarstjóra að leggja fram drög að reglum varðandi tæki og áhöld.

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 15:30.